

88. stjórnarfundur Bergrisans bs.

6.10.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 12:30.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 192. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Beiðni um fjölgun tíma í NPA samningi – 102589

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir aukningu á NPA samningi fyrir einstakling með auðkennið 102589.

Einstaklingur var með SIS mat 9 en hefur nýlega fengið hækkun upp í SIS mat 11. Núverandi samningur hljóðar upp á 365 vinnustundir og er kostnaður vegna núgildandi samnings kr. 2.962.705 á mánuði. Fyrir í sumar var samþykkt tímabundið viðbótarframlag vegna þessa samnings til að mæta öryggisráðstöfunum.

Þjónusturáð leggur til við stjórn að auka núverandi samning upp í 649 klst á mánuði (þar af 30 klst í aðstoðarverkstjórn), að upphæð 5.118.014 á mánuði, ásamt 64 klst í bakvaktir til viðbótar.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs með fyrirvara um samþykki ráðuneytis á hækkun framlags. Stjórn leggur áherslu á að sveitarfélagið Árborg vinni reglubundið endurmat á þjónustupörf í samvinnu við einstakling og ef hún breytist að þá verði sótt um nýtt SIS mat.

1.b. Umsókn um NPA samning – 105455

Sveitarfélagið Árborg sækir um NPA samning fyrir hönd einstaklings með auðkennið 105455. Í gildi er beingreiðslusamningur sem nemur 270 klst á mánuði frá 01.07.2025 að upphæð 1.793.740 ásamt samningi um stuðningsfjölskyldu að upphæð 492.720.

Sótt er um sólarhringssamning, 760 vinnustundir, þar af 30 í aðstoðarverkstjórn. Heildarkostnaður samnings er 6.715.360 kr á mánuði eða 80.584.320 kr á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina með fyrirvara um 25% framlag ríkisins.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Sólheimar

Farið var yfir stöðu mála á Sólheimum og starfsmönnum Bergrisans falið að funda með fulltrúum Sólheima.

3. Skaftholt

Farið var yfir stöðu mála í Skaftholti eftir umfjöllun fagteymis og þjónusturáðs sem og eftir heimsókn stjórnar Bergrisans á staðinn. Frekari umræðum frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Nýr búsetukjarni á Hvolsvelli

Verkefnastjóri upplýsti um næstu skref við hönnun búsetukjarna á Hvolsvelli.

5. Breyting á efnahagsreikningi

Undir viðskiptaskuldum á efnahagsreikningi félagsins er liðurinn „óútdældur rekstrarafgangur“ að upphæð 142.028.542 kr. sem með réttu á að flokkast sem eigið fé og er staða frá fyrri tíma. Óskað er eftir heimild stjórnar til að lagfæra þetta með því að lækka skuldir og hækka eigið fé félagsins. Þessi færsla hefur engin áhrif á rekstur félagsins, aðeins innri skiptingu milli skulda og eigin fjár í efnahagsreikningi.

Stjórn samþykkir breytinguna og felur skrifstofustjóra að ganga frá málinu með PWC.

6. Fjárhagsáætlun Bergrisans 2025

Skrifstofustjóri kynnti drög að útkomuspá ársins ásamt fjárhagsáætlun 2026.

Stjórn samþykkir útkomuspá 2025 og fjárhagsáætlun 2026 og vísar málinu áfram til aðalfundar Bergrisans.

Eggert Valur Guðmundsson vék af fundi kl. 13:50.

7. Aðalfundur Bergrisans

Farið var yfir dagskrá aðalfundar Bergrisans sem haldinn verður fimmtudaginn 9. október kl. 13 á Teams.

8. Önnur mál

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt að fela skipulagsfulltrúa, í samráði við fjölskyldusvið, að leggja fram valkosti um mögulega staðsetningu á nýju búsetuúrræði í Árborg.

Fundi slitið klukkan 14:10.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson